

Umsagnir um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023, 172.mál og fimmtán ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 , 173.mál.

## Umsagnir frá Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar

Í sameiginlegan pott í nýframkvæmdir við vegakerfið, s.s. reiðvegi, hjóla-og göngustíga, héraðsvegi, breikkun brúa, smábrýr, girðingar o.s.frv. eru áætlaðar um 2.000 milj. króna árlega á árunum 2019-2023. Framkvæmdir undir 1.000 milj.kr. eru ekki skilgreindar sérstaklega. **Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur þunga áherslu á að sem fyrst verði gerð langtíma fjárhagsáætlun fyrir þessa flokka í samvinnu við sveitarstjórnir landsins.** Þannig liggi ljóst fyrir, með góðum fyrirvara, hvaða verkefni verður ráðist í árlega á hverjum stað. Þar er mikilvægt að fá staðfest sem fyrst á hvaða ári verður farið í framkvæmdir við vegi 805,02-03 og 807,02-03 sem eru framdalir Svarfaðardals og Skíðadals. Einnig áætlun um göngustíga, breikkun brúa o.fl. sem fellur undir þennan lið.

**Hafnarframkvæmdir.** Veitu- og hafnaráð lýsir yfir ánægju sinni með framkomna tillögu sem snýr að hafnamannvirkjum í Dalvíkurbyggð, en vekur athygli á að uppi er ágreiningur um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við hafnarframkvæmdir sem þegar er lokið, samanber erindi Dalvíkurbyggðar til samgönguráðs dagsett 12. september 2018 (í fylgiskjali). Þá lýsum við yfir vonbrigðum með að ekki er gert ráð fyrir að eftir árið 2023 sé brugðist við uppsafnaðri viðhaldsþörf hafnamannvirkja innan Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar.

**Þjóðvegur í þéttbýli og þjóðvegur að Dalvíkurhöfn** – Dalvíkurbyggð óskar eftir því að skilgreindur verði þjóðvegur að Dalvíkurhöfn eins og að öðrum höfnum landsins. Þjóðvegurinn verði um Sjávarbraut meðfram sjávarvörn að austurgarði sem verður aðal uppskipunarsvæði Dalvíkurhafnar eftir uppbyggingu hafnarmannvirkja á Dalvík. Sjá meðf.deiliskipulagsklippu, svokölluð Naustabraut. Lokið verði endurbótum á þjóðvegi 1 sem liggur í gegnum Dalvík.

**Umferðaröryggi** –Verið er að breikka gatnamót á Moldhaugnahálsi en skv.uppl.frá Vegagerðinni er ekki gert ráð fyrir lýsingu í þessum áfanga. Þetta er afleitt og mikil slyshætta á þessum gatnamótum eftir sem áður. Þá er nauðsynlegt að breikka gatnamótin að Hauganesi og Árskógssandi vegna aukinnar umferðar um þá vegi.

**Múlagöng** – Nauðsynlegt er að Múlagöng séu til umræðu og endurskoðunar innan 15 ára. Þá ný göng utan snjóflóðahættusvæða, breikkun núverandi gangna eða lenging útskota.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar lýsir furðu sinni á að **Akureyrarflugvöllur** fái ekki meira vægi í samgönguáætlun og meiri uppbyggingu sem alþjóðaflugvöllur. Beintenging flugs erlendis frá við Norðursvæði er nauðsynleg, bæði hvað varðar ferðamenn og ekki síður vegna flutnings ferskvöru frá svæðinu á markaði erlendis.

**Almenningssamgöngur** – strætó – Dalvíkurbyggð skorar á Samgönguráð og Vegagerð Ríkisins að leysa málefni almenningssamgangna þannig að fjárframlög fylgi nauðsynlegu leiðakerfi. Þetta er grundvallar atriði til að vernda brothættar byggðir og fylgja eftir yfirlýstum byggðasjónarmiðum.





Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Samgönguráð  
B/t Þórunnar Egilsdóttur, formanns  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Dalvíkurbyggð, 12. september 2018  
201809058 TB

Efni: Beiðni um leiðréttingu á mótframlagi vegna hafnaframkvæmda á Dalvík

Ágæta samgönguráð.

Þann 26. apríl 2016 ritaði Dalvíkurbyggð Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis bréf og óskaði eftir að framkvæmdir vegna gerðar nýs viðlegukants í Dalvíkurhöfn kæmst á samgönguáætlun. Í bréfinu var mynd af framkvæmdunum og kostnaðargreining verkþátta upp á 469,1 millj.kr., af því 60% þátttaka ríkisins um 227 millj.kr. Framkvæmdinni var skipt upp á 3 ár, 2016-2018.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2016-2018 í kafla um hafnarframkvæmdir kemur fram að nefndin leggur til að framkvæmdir við höfnina á Dalvík verði í áætluninni en fyrir nefndinni kom fram að úthlutað yrði lóð undir fiskvinnsluhús við höfnina sem muni hafa mikil áhrif á atvinnumál bæjarins.

Í samantekt á breytingartillögum nefndarinnar var lagt til að til hafnarinnar á Dalvík yrði veitt 4,4 millj. kr. árið 2016, 132,6 millj. kr. árið 2017 og 90 millj. kr. árið 2018. Samtals voru þetta 227 milljónir eða 60% af heildaráætlun framkvæmdanna, samhljóða ósk Dalvíkurbyggðar.

Rætt var við Siglingasvið Vegagerðar ríkisins um hönnun og gerð útboðsgatna fyrir verkið í heild sinni. Verkinu var skipt í nokkra verkþætti þar má nefna:

- Verkþáttur nr. 1 Dalvík grjót- og fyrirstöðugarður við Norðurgarð.
- Verkþáttur nr. 2 Dalvík - Dýpkun og landfylling.
- Verkþáttur nr. 3 Útboðs á stálþili, **lokið og engar athugasemdir.**
- Verkþáttur nr. 4 Hafskipabryggja, stálþilsrekstur 2017, **verkþætti ekki lokið en ljóst að ágreiningur er um ýmsa verkþætti í verkinu.**

Þessum ofangreindum verkþáttum er að mestu lokið en eftir eru:

- Dalvíkurhöfn, þekja 2019
- Dalvíkurhöfn, rafmagnstenging skipa og lýsing 2019.

Með bréfi sem dagsett er 19. apríl 2017 frá Siglingasviði Vegagerðar ríkisins kemur fram að opnuð hafi verið tilboð í verkþátt nr. 1, Dalvík grjót- og fyrirstöðugarður við Norðurgarð og lagði Vegagerðin til að gengið yrði til samninga við lægstbjóðanda. Þetta er gert með forlegum hætti, eins og fram kemur í tilvitnað bréf, án athugasemda um að hluti þessa verkþátta nýti ekki ríkisframlag. Greitt ríkisframlag er kr. 11.231.758 en samkvæmt reikningum frá verktaka ætti það að vera kr. 44.078.904. Mismunur er kr. 32.865.146. Allar fjárhæðir hér eru án vsk.

Með bréfi sem dagsett er 12. júní 2017 frá Siglingasviði Vegagerðar ríkisins kemur fram að opnuð hafi verið tilboð í verkþátt nr. 2, Dalvík - Dýpkun og landfylling þar sem lagt er til að tilboði lægstbjóðanda að fjárhæð kr.

38.971.701 m. vsk. verði tekið. Við verklok var kostnaður kominn í kr. 61.110.461 sem er um 157% af samningsverði en kostnaðaráætlun hönnuða (Siglingasviðsins) var kr. 73.800.000, áætlunin er sem sagt um 83% af kostnaði við verklok. Samkvæmt ákvörðun sem tekin var hjá Siglingasviði var styrkhæfur kostnaður án vsk kr. 40.902.960. Ríkisframlag er samkvæmt útreikningum Siglingasviðs kr. 19.791.775 og kostnaður Hafnasjóðs kr. 29.490.875 í stað þess að vera kr. 19.713.052, því munar hér kr. 9.777.823.

Samandregið er vangreitt ríkisframlag kr. 32.865.146,- vegna verkþáttar nr. 1 og kr. 9.777.823 vegna verkþáttar nr. 2., samtals kr. **42.642.969**.

Eins og fram kemur í inngangi þá er verkþáttur 4 enn í gangi en ljóst má vera að mismunandi skoðanir eru á greiðsluþátttöku ríkisins í því verkefni og bíður erindi vegna þess síðari tíma.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 11.mai 2017 að heimila Vegagerðinni að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Þá samþykkti sveitarstjórn viðauka að upphæð kr. 37.400.000 vegna framlags Dalvíkurbyggðar á árinu 2017 vegna framkvæmdanna og viðauka vegna vænts framlags ríkisins á árinu 2018 að upphæð kr. 188.600.000. Taflan hér að neðan sýnir áætlaða fjárþörf vegna framkvæmdanna. Þessi tafla var lögð fram í upphafi sem grundvöllur fyrir umsókn og úthlutun.

Verkþáttur	Magn	2016 Kostnaður (m.kr.)	2017 Kostnaður (m.kr.)	2018 Kostnaður (m.kr.)	Kostnaður alls (m.kr.)
Undirbúningur, hönnun ofl.	1	9	2	2	13
Stálþil, stálþilsrekstur og kantbiti	180 m		182,2	49,4	231,6
Dýpkun	51.000 m <sup>3</sup>		69,8		69,8
Steypt þekja (30 m breið)	4.550 m <sup>2</sup>			119,7	119,7
Tilflutningur á brimvörn, ytri mannvirkjum	10.000 m <sup>3</sup>		20	15	35
Heildarkostnaður (m. vsk.)		9	274	186,1	469,1
Þar af ríkisluti 60% og frádeginn vsk.		4,4	132,6	90,0	227,0

Frankvæmdir við verkið fóru fram samkvæmt áætlunum og undir eftirliti og stjórn Siglingasviðs Vegagerðarinnar. Löngu eftir að verk var hafið kom fyrst fram af hendi Siglingasviðsins að Vegagerðin myndi ekki taka þátt í endurgreiðslu vegna verkþáttis „Tilflutningur á brimvörn, ytri mannvirkjum“. Rökin væru þau að verið væri að flytja til varnargarð sem þegar væri til staðar. Þetta koma aldrei fram í ferlinu fram að því og enginn fyrirvari af hendi ríkisins að það stæði ekki við sinn hlut verksins að fullu. Þetta hefur sett fjárhagsáætlun vegna verksins á hliðina og jafnframt fjárhagsáætlunir sveitarfélagsins og lántökuþörf.


Dalvíkurbyggð óskar hér með eftir leiðréttingu á mótframlagi vegna hafnafrankvæmda á Dalvík. Óskað er eftir því að Vegagerðin standi við sitt fjárframlag í verkið eins og gert var ráð fyrir í upphafi, þ.e. 60% af kostnaði við verkþætti 1 og 2 skv. framlögðum reikningum samþykktum af Vegagerð. Samtals kr. 42.642.969 sbr. sundurliðun hér að ofan.

Samrit: Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Virðingarfyllst,

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri





Sæbraut / Naustabraut — Verði skilgreint sem Pjótvegur.

Pjótvegur 1

